

Reykjavík, 5. desember 2019

Alþingi  
Nefndasvið  
101 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þingskjal 362, 319. mál, 150.  
löggjafarþing 2019-2020.**

Samorka þakkar tækifærið til að veita umsögn um ofangreint mál.

Ljóst er að verkefni nýrrar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verða mörg og fjölbreytt. Allt í nútíma samfélagi er með einum eða öðrum hætti tengt orku og raforkunýting og orkunýtni eru leiðarstef í framtíðar stefnumörkun í orkuskiptum og loftslagsmálum.

Samorka er ekki með efnislegar athugasemdir eða ábendingar við frumvarpið en vill nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á mikilvægi raforkuhluta Mannvirkjastofnunar sem samtökin hafa um árabíl átt mjög gott samstarf við meðal annars í tengslum við fræðslu og upplýsingagjöf.

Einnig viljum við minna á að við framkvæmd eftirlits verði hér eftir sem hingað til lögð áhersla á að viðurkenna vottuð gæðakerfi aðildarfyrirtækja okkar og þar með ytra og innra eftirlitskerfi þeirra.

Samorku verður því að sjálfsögðu tilbúið til að taka þátt í fagraði hagsmunaaðila sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

**Virðingarfyllt,**

**f.h. Samorku**

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*